

Alþingi, efnahags- og skattanefnd  
vt. Eiríkur Áki Eggertsson  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 14. desember 2009 02-2009120772  
G-ums 09/09

### Minnisblað um frumvarp til laga um umhverfis- og auðlindaskatta - 257. mál.


Að beiðni formanns efnahags- og skattanefndar Alþingis hefur ríkisskattstjóri tekið saman eftirfarandi minnisblað vegna athugasemda við frumvarp til laga um umhverfis- og auðlindaskatta -257. mál.

Í 2. tölul. athugasemda sem Samorka hefur sent efnahags- og skattanefnd Alþingis vegna framangreinds þingmáls er lagt til að hugtakið „sannanlega” verði fellt brott úr ákvæði 2 .mgr. 10. gr. frumvarpsins og það lagt í hendur fyrirtækja að meta hvenær krafa telst töpuð.

Af þessu tilefni skal tekið fram að í núgildandi tekjuskattslögum er að finna heimild til þess að gjaldfæra í skattskilum tapaðar kröfur, sbr. 3. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og er heimildin nánar útfærð í 13. og 14. gr. reglugerðar nr. 483/1994, um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Sambærilega reglu er að finna í 2. tölul. 5. mgr. 13. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Að mati ríkisskattstjóra er eðlilegt að sambærileg regla gildi um gjaldfærslu og afskriftir tapaðra krafna sem varða innheimtu á umhverfis- og auðlindasköttum.

Virðingarfyllt  
f. h. ríkisskattstjóra

  
Guðrun J. Jónsdóttir

  
Bjarni A. Lárusson